



Aganefnd HSÍ | Úrskurður 27.2. '19

Úrskurður aganefndar 27. febrúar 2019

Eftirtalið mál lá fyrir og var tekið til úrskurðar:

1. Birkir Benediktsson hlaut útilokun með skýrslu vegna grófs leikbrots í leik Aftureldingar og FH í mfl. ka. þann 19.2.2019. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:6 a) með hliðsjón af atvikum. Málið var tekið fyrir á fundi aganefndar þann 26. febrúar og frestað um sólarhring skv. 3. gr. reglugerðar HSÍ um agamál. Greinargerð barst frá Aftureldingu um málið. Aganefnd hefur skoðað gögn málsins, þ.m.t. myndbandsupptöku af atvikinu og telur brotið réttilega heimfært undir reglu 8:6 a).

Með tilvísun í 10. gr. reglugerðar HSÍ um agamál er það niðurstaða aganefndar að leikmaðurinn er úrskurðaður í tveggja leikja bann. Aganefnd vekur jafnframt athygli á stighækkandi áhrifum leikbanna, skv. 1. mgr. 11. gr. sömu reglugerðar. Leikmaðurinn hefur nú hlotið tvær útilokanir vegna brota sem falla annars vegar undir reglu 8.5 og hins vegar reglu 8.6.

Úrskurðurinn tekur gildi á hádegi fimmtudaginn 28. febrúar 2019.

Fleiri mál lágu ekki fyrir.

Úrskurðinn kváðu upp Sverrir Pálmason, Arnar Kormákur Friðriksson og Arnar Þór Sæþórsson.

